



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

Fréttabréf

Júní 2003 - 1. tölublað - 6. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

Félagsbústaðir flytja að Hallveigarstíg 1

Félagsbústaðir hafa nú flutt starfsemi sína frá Suðurlandsbraut 30 að Hallveigarstíg 1, 3. og 4.hæð. Föstudaginn 23. maí var skrifstofa og skiptiborð lokað vegna flutninganna.

Undirbúningur flutninganna hefur staðið yfir undanfarið og verið unnið hörðum höndum að standsetningu húsnæðisins. Húsið að Hallveigarstíg 1 hefur verið aðlagað starfseminni þannig að aðstaða starfsmanna Félagsbústaða verði sem best verður á kosið. Aðgengi viðskiptavina verður

mjög gott og verður móttaka á 3.hæð hússins ásamt fjármála- og þjónustudeild, en framkvæmdadeild verður á 4.hæð.



Bilanatilkynningar

Símanúmer bilanatilkynninga, 557-9664, helst óbreytt eftir flutning Félagsbústaða frá Suðurlandsbraut 30 að Hallveigarstíg 1. Símatíminn verður einnig óbreyttur eða kl.13:00 – 15:00 alla virka daga.

Rétt er að benda á að þessi símatími er eingöngu ætlaður til að koma á framfæri tilkynningum um bilanir, skemmdir og annað það sem úrskaiðis kann að fara í rekstri og viðhaldi fasteigna Félagsbústaða.

Heimasíða Félagsbústaða

Ný heimasíða Félagsbústaða var formlega tekin í notkun þann 22.maí síðastliðinn og er vefslóð hennar www.felagsbustadir.is. Á henni er að finna allar helstu upplýsingar sem tengjast rekstri og starfsemi Félagsbústaða ásamt tenglum til samstarfsaðila og tengdrar starfsemi.

Þ.á.m. eru upplýsingar um allar deildir fyrirtækisins, ársuppgjör og skýrslu stjórnar og umhverfis- og starfsmannastefnu. Hægt er að senda fyrirspurnir varðandi viðhaldsþjónustu, húsreglur ofl. svo fátt eitt sé nefnt. Einnig verða reglulega birtar fréttir og tilkynningar á síðunni.

www.felagsbustadir.is

Umhverfismál

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið markvisst að mótun umhverfisstefnu fyrir Félagsbústaði. Stefán Gíslason sem er sérfróður á sviði umhverfisstjórnunar hefur verið ráðgjafi Félagsbústaða við þetta verk.



Í vinnuferlinu hefur verið fundað með starfsmönnum og haldnir fræðslufundir fyrir starfsmenn og ýmsa verktaka sem vinna fyrir Félagsbústaði. Umhverfisstefnan liggur nú fyrir í endanlegri mynd og er birt í heild sinni á heimasíðu Félagsbústaða.

Það eru æði mörg og fjölbreytt viðfangsefni sem hafa þarf í huga við framkvæmd umhverfisstefnu hjá fyrirtæki á borð við Félagsbústaði. Til að hægt sé að fylgjast með því sem til framfara horfir hjá fyrirtækinu á þessu sviði verður fært það sem kallað er grænt bókhald, en það er skipuleg skráning á þeim árangri sem næst á ári hverju. Slíkt bókhald verður svo hluti af hefðbundnu ársuppgjöri Félagsbústaða.

Það er von Félagsbústaða að sú stefna sem félagið hefur nú markað sér á sviði umhverfismála eigi eftir að skila sér í bættu umhverfi og betri umgengni í fasteignum félagsins.

Þórðarsveigur 1-5

Í júlí n.k. verður lokið við byggingu 50 íbúða fjölbýlishúss fyrir Félagsbústaði að Þórðarsveig 1-5 í Grafarholti. Íbúðirnar eru allar af sömu gerð; tveggja herbergja, rúmlega 60 fm að stærð og mjög vandaðar að gerð og búnaði. Í húsinu er um 150 fm sameiginlegt rými sem ætlað er til félagslegrar aðstöðu fyrir íbúa hússins.



Íbúðunum verður úthlutað til íbúa eldri en 60 ára og einnig til hreyfihamlaðra einstaklinga. Verktaki er Mótás ehf.

Símatími þjónustudeildar er alla virka daga kl. 8:30-10:00 í síma 520-1500.

Skúlagata 64-80

Um þessar mundir standa yfir umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir að Skúlagötu 64-80. Gert verður við allar steypuskemmdir og húsið endursteinað. Einangrun í þaki verður endurnýjuð og skipt um þakpappa og járn í þakinu öllu. Nýjar svalahurðir og hliðargluggar verða settar í allar íbúðir. Skipt verður um ónýtt tvöfalt gler í húsinu og einnig verður skipt út einföldu gleri í stigahúsum á norðurhlið ásamt hringgluggum á baðherbergjum og þakgluggum á norðurhlið. Austurgafli hússins verður einangraður og múrhúðaður. Gert verður við allt tréverk og það síðan málað.

Verkið var boðið út í desember sl. og er gert ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 70 milljónir. Verktaki er Þórsafli ehf. og er miðað við að verkinu ljúki 1. október nk.

Útgefandi: Félagsbústaðir hf.
Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.
Sími: 520-1500 Fax: 520-1516
Upplag: 1500 eintök
Ábyrgðarmaður:
Sigurður Kr. Friðriksson
www.felagsbustadir.is